



Ræða skólameistara

Ágætu verðandi nýstúdentar og fjölskyldur, starfsfólk, júbílant og aðrir gestir bæði hér í salnum og áhorfendur útsendingar. Verið hjartanlega velkomin á brautskráningarathöfn Menntaskólans að Laugarvatni 2021.

Í dag er hátíðisdagur. Í dag brautskrást 37 nemendur. 14 af Náttúruvísindabraut og 23 af Félags- og hugvísindabraut.

Viðhald á skólahúsnæðinu hefur staðið yfir í allan vetur og hefur gengið vonum framar. Ný klæðning er að stórum hluta komin á eldri hluta aðalbyggingar og nú standa yfir múrviðgerðir á nýrri hlutanum en hann verður málaður að nýju í samræmi við upprunalegt útlit. Að auki verður skipt um þak á báðum álmum og gluggaskiptum í allri byggingunni er nú lokið. Við fögnum þessari uppfærslu mjög og sendum bestu þakkir til Verkís og K16 fyrir vel unnin verk en áætluð verklok eru 31. júlí næstkomandi.

Fleiri framkvæmdir eru á döfnni á þessu ári en í sumar verður ráðist í að endurleggja epoxy-gólf í eldhúsi, þvottahúsi og fleiri rýmum í kjallara aðalbyggingar. Í vetur verður svo hafist handa við að útbúa nýtt kennslurými í svonefndri brytaíbúð sem er staðsett austast í

skólabyggingunni. Þar er áætlað að til verði fjölnota verkkennslurými sem mun nýtast til myndlistarkennslu, saumakennslu, hljóð- og myndvinnslu og annars er hugurinn stefnir að eða þar til ímyndunaraflið þrýtur. Hönnunarvinna við rýmið er nú á lokastigum og fer undirbúningur framkvæmda af stað með haustinu.

Við sameinumst hér í dag til að fagna saman árangri þessa fríða hóps sem situr hér, mér á vinstri hönd. Þrúðbúin ungmenni sem eiga framtíðina fyrir sér og ganga nú af stað út í lífið með stúdentsprófið í farteskinu. En þessi árgangur hefur þurft að kljást við sérstakar aðstæður og óhjákvæmilegt að síðastliðinn vetur hafi haft áhrif á hópinn.

Skólastarf er í eðli sínu frekar reglubundið. Við sem störfum í menntakerfinu vitum svona meira og minna hvað bíður okkar þegar skólinn hefst á haustin og stígum ölduna nokkuð kokhraust flest árin. Síðastliðinn vetur var hins vegar óvissuferð; við vissum sjaldnast hvað tæki við í næstu beygju og áttum oftast en ekki - síst von á því sem að höndum bar. Útskriftarárgangur 2021 varð fyrir hvað mestum áhrifum en skerðing hefur orðið á skólastarfi frá 13. mars 2020 og allan veturinn 2020-2021 eða nánast helming þess tíma sem hópinn hefur stundað nám við Menntaskólann að Laugarvatni.

Óvissuferðin hófst á heldur kúnstugan máta því í byrjun september fór skólameistari, Halldór Páll Halldórsson, í leyfi vegna veikinda.

Undirrituð, Jóna Katrín Hilmarsdóttir, tók þá við keflinu og átti von á að starfa fram að áramótum en úr varð að Halldór sneri aftur í byrjun apríl. Samstarfsfólkið var sammála um að hvíldin hefði gert Halldóri gott enda sneri hann til starfa á ný í feiknaformi.

En nemendur og starfsfólk sátu uppi með reynslulítinn skólameistara og ekkert handrit að ferðinni sem framundan var. En eina leiðin út var í gegn.

Við hvert útspil Þórólfs og Svandísar lögðum við hér í ML hausana í bleyti og tókum stefnuna að nýju. Við settum stefnuna þó frá upphafi skýrt á það að hagsmunir nemenda skyldu ætíð í fyrsta sæti. Þegar stefnan er ljós verður eftirleikurinn auðveldari. Það var því alltaf okkar sýn að nám og vellíðan nemendanna yrði í forgangsatríði auk þess sem allt okkar starf var í takt við reglugerðir þær er okkur var gert að fylgja. Haustönnin var okkur þung, bæði nemendum og kennurum, enda heimasetan og tölvuvinnan íþyngjandi til lengdar. Það var því orðið ansi langt til lands þótti okkur, um miðjan nóvember.

Á erfiðum tímum kristallast tilgangur þess sem við sinnum í hversdeginum. Við förum í vinnu og skóla, við sinnum börnum og búi. Hversdagurinn er nefnilega dýrmætari en við gerum okkur oft grein

fyrir; það gleymist í amstri dagsins. Að lifa á friðartímum í friðsömu landi við öryggi sem tryggir börnunum okkar aðgengi að menntun og öllum þeim tækifærum sem hugur þeirra stefnir til er mikið dýrmæti.

En þessi vetur hefur verið okkur öllum mikill lærdómur og nokkuð víst að teymið sem við höfum hér í Menntaskólanum að Laugarvatni er öflugt, faglegt og framúrskarandi samviskusamt. Ég vil senda mínar sérstöku þakkir til alls samstarfsfólks míns fyrir stuðninginn, eljuna og þrautseigjuna síðastliðinn vetur. Sameinuð tókumst við á við flókin, erfið verkefni og ég gat alltaf treyst á fólkið í kringum mig við lausnaleyttina.

Það var orðið ljóst eftir miðja haustönn að við þyrftum að leggja höfuðáherslu á útskriftarnema eftir það sem á undan var gengið. Þau hafa því verið í forgangi hvað varðar ýmsa hluti í skólastarfinu þennan veturinn. Þessi hópur er öflugur og skynsamur. Þau hafa reynst okkur skólastjórnendum haurkur í horni í allan vetur og farið á undan yngri nemendum með afar góðu fordæmi í öllu því er tengist sóttvörnum.

Nemendahópurinn er orðinn það vanur að rýna í sóttvarnaraðgerðir og reglugerðir að þau eru fær um að leysa úr hvers konar ágreiningi er varðar sóttvarnir og fjarlægðartakmarkanir.

En fátt er svo með öllu illt að eigi boði nokkuð gott. Hröð vinnubrögð voru nauðsyn til að hægt yrði að færa hefðbundið staðnám yfir í fjarvinnu í gegnum tölvuskjá. Þessi tækniuppfærsla sem orðið hefur í skólum og

samfélaginu öllu hefur verið ákveðinn hraðall sem skilar okkur breyttum vinnubrögðum sem alla jafna hefði tekið mörg ár að innleiða. Það er mín trú að þessi uppfærsla og endurnýjun verði til þess að við í menntakerfinu verðum betur í stakk búin til að koma til móts við þarfir nemenda og undirbúa þau betur fyrir verkefni framtíðarinnar en þau eru þeirra.

Kæru nýstúdentar. Nú er dvöl ykkar í Menntaskólanum að Laugarvatni að ljúka og lífið framundan með öllum sínum þrautum og sigrum. Það hefur verið sannkallaður heiður að fá að vinna með ykkur og ég sé í þessum hópi endurspeglast bjartar vonir og framtíð þessa lands. Hér sitja félagsráðgjafar, lögfræðingar, lögreglumenn, kennarar, ráðherrar, skógafræðingar, bændur og bifvélavirkjar, læknar og hjúkrunarfræðingar, leikarar, leikstjórar og söngvarar morgundagsins. Og nú, þegar ég lít til framtíðar og sé í mistrinu fjórðu iðnbýltinguna sem við stöndum nú frammi fyrir þá fyllist ég bjartsýni og gleði. Því með ykkur í fararbroddi, þetta unga, frjóa og efnilega fólk, verður okkur ekkert að vanbúnaði.

Sannarlega er það stór áfangi að ljúka stúdentsprófi á þremur árum en það er eftirtektarvert að hafa staðið af sér Covid-storminn sem geisaði á meðan. Við vorum nefnilega smeyk. Við vorum smeyk um að við myndum missa ykkur í einhverja vitleysu. Að tölvuhúkið heima við

myndi hrekja ykkur upp á flæðisker sem við gætum ekki bjargað ykkur af. Ég vona að þið skynjið hversu mikið við lögðum í að reyna að halda utan um þetta, að halda utan um ykkur. En afrekið er sannarlega ykkar.

Við fögnum því á eftir þegar stúdentar krýnast stúdentshúfum en ég legg til að nú fögnum við því hversu vel þessi hópur hefur staðið af sér Covid-umrótið. Ég vil því biðja salinn um að rísa á fætur. Kæru foreldrar og aðrir gestir hér í salnum. Horfið nú á nemandann sem þið elskið mest í þessum hópi. Allar þær vonir og væntingar, draumar og þrár sem þið tengið við nýstúdentinn, þeim skulið þið varpa fram í salinn og á þennan fríða hóp. Öll gleðin, hamingjan og birtan sem við viljum senda nýstúdentum inn í framtíðina skulum við senda með dynjandi lófataki.

###

Kærar þakkir.

Nú flytur annál skólaársins 2020-2021, staðgengill skólameistara og áfangastjóri, Áslaug Harðardóttir.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir